

Upplýsingar um ráðningarferli fjármálastjóra Jóna Benný Kristjánsdóttir

Móttakandi: Bæjarráð
Dags.: 26.04.2024
Málefni: Ráðning fjármálastjóra

Upphaflega var auglýst eftir fjármálastjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Ákveðið var að ráða í starf í fjármálastjóra en ekki fengust umsóknir í starf sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs sem þóttu uppfylla hæfniskröfur.

Ráðning fjármálastjóra var tekin fyrir og samþykkt í bæjarráði á fundi 1095, 29. ágúst 2023 og fundargerðin var samþykkt í bæjarstjórn á fundi 14. september 2023 (313). Þegar fjármálastjóri var ráðinn var hugsunin sú að yfir þeirri stöðu yrði sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs og því var ráðningin ekki tekin fyrir í bæjarstjórn sem sérstakur liður í dagskrá bæjarstjórnar heldur sem hluti af fundargerð bæjarráðs, enda ekki um sviðsstjórstöðu að ræða.

Þann 17. október 2023 á fundi 1102 eru teknar fyrir breytingar á skipuriti í bæjarráði og ákveðið að auglýsa eftir sviðsstjóra stjórnsýslusviðs. Á fundi bæjarstjórnar 9. nóvember 2023 (315) eru breytingar á skipuriti samþykktar, þar sem búið er að taka út sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og ákveða að fjármálastjóri heyri beint undir bæjarstjóra samkvæmt skipuriti sem fylgdi með og var birt með fundargerð.

Breytingar á skipuriti fólu þannig í sér að fjármálastjóri, ásamt þeim verkefnum sem fylgdu starfinu við ráðningu, var færður beint undir bæjarstjóra. Sú breyting var samþykkt af bæjarstjórn með fimm atkvæðum á fundi bæjarstjórnar 9. nóvember 2023.